

85

7. sept.

TILSKIPUN

um breyting á tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og læknisáhöld
í íslenskum skipum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt 31. gr. siglingalaga frá 30. nóvember 1914 skipa ég svo
fyrir um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum:

1. gr.

Aftan við bókstafslið A (Lyf til innvortis notkunar) III. töluliðs (Lyfjaskrin III)

2. greinar tilskipunarinnar bætist:

13. Blóðeitrunartölur (Tablettæ sulfanilamidi) 0,30 x XXV: 1 glas.

14. Lungnabólgtölur (Tablettæ sulfapyridini) 0,50 x XXV: 2 glös.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 7. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

86

9. sept.

RÍKISSTJÓRABRÉF

um þinglausnir og þingrof.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi það er nú situr, 60. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp
til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá ríkisins, 18. maí 1920,
sbr. stjórnarskipunarlög nr. 22, 24. marz 1934 og nr. 78, 1. sept. 1942, og verður
því samkvæmt 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. téð stjórnarskipunarlög, að
rjúfa Alþingi.

Þingrof kemur þó ekki þannig til framkvæmda nú þegar, að umboð þingmanna
falli niður á þessum degi, sbr. 3. gr. stjórnarskipunarlaganna nr. 78, 1. sept. 1942, en störf-
um yfirstandandi þings er hins vegar að verða lokið. Hef ég því ákveðið að slíta
aukafundi Alþingis, 60. löggjafarþingi, í dag, miðvikudaginn 9. september 1942, en
jafnframt mæli ég svo fyrir samkvæmt framansögðu, að Alþingi skuli rofið frá þeim
degi að telja, er almennum kosningum til Alþingis verður lokið á þessu hausti.

Gjört í Reykjavík, 9. september 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.